Miðvikudaginn 29. apríl 1992.

Nr. 274/1990. **Einar Kristjánsson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Plastos hf.
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Aðild. Skuldamál. 45. gr. hæstaréttarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. júlí 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. júní s.á. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og að hið áfrýjaða fjárnám verði ógilt og stefnda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða dómsáritun verði staðfest svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð frá 23. febrúar 1990. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er höfðað af stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu gegn áfrýjanda „persónulega og f.h. einkafirma hans, Fiskiðjan Bára, Suðurgötu, Akranesi". Í stefnunni er gerð svofelld grein fyrir stefnufjárhæð: „Krafa þessi er samkvæmt fjórum reikn. dagsettum á tímabilinu frá 14.11.88 til 12.12.88, samtals að fjárhæð kr. 108.523,00. ...Reikningar þessir eru til komnir vegna úttektar stefnda á vörum hjá stefnanda v/ Fiskiðjan Bára."

Áður en til málsóknar kom, hafði lögmaður stefnda sent áfrýjanda innheimtubréf, dagsett 15. júní 1989. Við þingfestingu málsins 2. nóvember 1989 lagði stefndi fram reikningana og innheimtubréfið, en af hálfu áfrýjanda var ekki sótt þing, og var honum þó löglega birt stefna og með nægum stefnufresti.

Málið var áritað um aðfararhæfi 17. nóvember 1989. Stefndi sendi fjárnámsbeiðni til bæjarfógetans á Akranesi 26. nóvember s.á., og var fjárnám gert í eign stefnda að Vesturgötu 161 á Akranesi 23. febrúar 1990.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með vísan til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands og reisir sýknukröfu sína

á því, að hann sé ekki að lögum réttur aðili málsins. Aðildarskortur sé slík málsástæða, að skylt sé að taka efnislega afstöðu til hennar á öllum stigum máls. Hefur áfrýjandi lagt fram gögn um það, að Fiskiðjan Bára sé hlutafélag, stofnað 28. mars 1988. Var áfrýjandi stjórnarformaður á umræddum tíma, en framkvæmdastjóri var Steinunn Ásgerður Frímannsdóttir og prókúruhafar Snorri Ólafsson og Einar Vignir Einarsson. Bú Fiskiðjunnar Báru hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 9. október 1989.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að áfrýjandi komi að vörnum í málinu fyrir Hæstarétti, enda séu eigi skilyrði til þess samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi áskildi sér í stefnunni til Hæstaréttar að koma að nýjum kröfum og málsástæðum. Ljóst er, að það myndi valda honum réttarspjöllum, ef málið væri dæmt eins og það lá fyrir héraðsdómara. Varnir hans hér fyrir dómi varða málsaðild og atvik að viðskiptum þeim, sem fjallað var um í héraði, og er grundvelli máls ekki raskað, þó að þær komist að. Áfrýjandi var stjórnarformaður í Fiskiðjunni Báru hf. og síðar einn af prókúruhöfum. Þó þykir, eins og á stendur, mega telja afsakanlegt, að hann setti kröfur sínar og málsástæður ekki fram í héraði, þar sem héraðsstefna fékk bersýnilega ekki staðist, að því er varðar varnaraðild. Var áfrýjanda stefnt „persónulega og f.h. einkafirma hans...", eins og fyrr greinir. Verður áfrýjanda því á grundvelli 45. gr. laga nr. 75/1973 heimilað að koma að áðurgreindum kröfum og málsástæðum.

Reikningar stefnda eru allir stílaðir á Fiskiðjuna Báru, og er áfrýjanda þar að engu getið. Á einn reikninginn er skráð: „Sigurjón pantar". Aðrir reikningar bera ekki með sér, hver stóð fyrir vörukaupum samkvæmt þeim. Bendir ekkert til þess, að áfrýjandi hafi sem stjórnarformaður Fiskiðjunnar Báru hf. eða á eigin vegum átt hlut að þessum viðskiptum eða gefið stefnda nokkra ástæðu til að ætla, að svo væri. Verður því við það að miða, að viðskiptin hafi verið milli stefnda og Fiskiðjunnar Báru hf. og að stefnda hafi mátt vera það ljóst.

Samkvæmt því ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu og fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Einar Kristjánsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Plastos hf., í máli þessu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.